

Starfsemi Starfsafls 2005

Í árskýrslunni sem hér birtist er gerð grein fyrir starfsemi Starfsafls- starfsmenntar Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, helstu viðfangsefnum og verkefnum á árinu 2005.

Á árinu 2005 urðu breytingar á starfsmannamálum Starfsafls. Jóna V. Kristinsdóttir sem starfaði hafði sem verkefnastjóri Starfsafls í 60% starfshlutfalli frá 1. september 2004, var ráðin í fullt starf frá og með 1. janúar 2005. Marianna Traustadóttir framkvæmdastjóri sjóðsins sagði starfi sínu lausu og hvarf til annarra starfa. Marianna vann gott og mikið brautryðjandastarf við uppbyggingu og þróun sjóðsins frá stofnun hans árið 2000. Eru henni færðar þakkir fyrir það góða starf og óskir um farsælt starf sem fjölskyldu- og jafnréttisfulltrúi ASÍ.

Í apríl var ráðin til starfa núverandi forstöðumaður, Kolbrún Stefánsdóttir. Kolbrún hefur mikla reynslu af íslenskum vinnumarkaði. Hún hefur unnið almenn verkamannastörf, við verslun, ferðaþjónustu og kennslu. Hún hefur undanfarinn áratug starfað sem útibússtjóri Landsbanka Íslands, bæði í Reykjavík og úti á landi. Kolbrún er með menntun í starfsmannastjórnun og rekstrar- og viðskiptafræði frá EHÍ.

Öflugt kynningarstarf

Mikil áhersla hefur verið lögð á kynningarstarfið og hefur það verið stór hluti af starfi forstöðumanns að stuðla að kynningu á sjóðnum til stjórnenda fyrirtækja. Markviss kynning hefur verið frá upphafi til félagsmanna Flóabandalagsins, þar sem stéttarfélagin þrjú; Efling- stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis hafa lagt metnað í að kynna félagsmönnum þá möguleika sem starfsmenntasjóðurinn býður upp á.

Forstöðumaður hefur farið í fjölda heimsóknna bæði til stjórnenda fyrirtækja og á vinnustaðafundi með fulltrúum Eflingar. Í viku símenntunar var farið í fiskvinnslufyrirtæki á Suðurnesjum í samvinnu við Miðstöð símenntunar í Keflavík þar sem sjóðurinn var kynntur og samstaf þessara aðila. Einnig var Starfsafl með kynningu á ársfundi ASÍ á Hótel Nordica í október.

Mikill metnaður hefur verið hjá Starfsaflinu að byggja upp og þróa nám og námsefni fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins í samvinnu við stærri fyrirtæki og aðra fræðsluáðila. Stuðlað hefur verið að því að fá raunfærni félagsmanna metnað og byggja upp heildstætt nám fyrir viðkomandi starfsgreinar. Má þar nefna símliða-, jarðlagnatækni-byggingaliðanám, þjónustuliða ofl. Raunfærnimat gefur einingar inn í framhaldsskóla og greiðir götu þeirra sem hyggjast hefja nám í viðkomandi iðngrein. Starfsafl hefur stutt myndarlega við þá sem hafa sótt sér menntun í Grunnmenntaskólanum og eins þá sem sótt hafa námskeið sem kallast Aftur í nám og er fyrir þá sem eiga við lestrar- og skriftarörðugleika að stríða.

Þann 1. janúar 2005 færðist umsjón einstaklingsumsóknna úr Excel umhverfi yfir í kerfi sem mikið er notað af stéttarfélagum og lífeyrissjóðum um land allt og nefnist Jóakim. Mikil vinna var lögð í að undirbúa þetta kerfi í samvinnu við VKS. Nýja umhverfið auðveldar alla tölfræðivinnu og eykur hagkvæmni.

Flutningur réttinda á milli fræðslusjóða

Samráðsfundir milli Starfsafls, VR og Landsmenntar voru nokkrir á árinu 2005. Á þessum fundum var leitast við að finna leiðir til að félagsmenn sem skipta um stéttarfélag myndu ekki missa réttindi sín niður í heilt ár þar til að þeir öðluðust rétt að nýju hjá öðru stéttarfélagi. Afrakstur þessara funda var sá að samþykkt var í stjórn Starfsafls á árinu að færa réttindi félagsmanna á milli þessara þriggja sjóða, þ.e. Starfsafls, Landsmenntar, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks / Starfsmenntasjóðs verslunarinnar. Réttindaflutningurinn er ávallt miðaður við hámarksendurgreiðslu Starfsafls/ Landsmenntar.

- Hækkun styrkja** Umræða um hækkun styrkja og breytt útborgunarferli átti sér stað seinni hluta árs 2005. Afrakstur þeirrar umræðu var að tekin var ákvörðun um að greiða styrki út strax en ekki að námi loknu eins og áður var gert. Samþykkt var 1.12. 2005 að hækka einstaklingsstyrki umtalsvert.
- Samningur við Gildi** Samningur var gerður við lífeyrissjóðinn Gildi og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis um að annast innheimtu menntagjalds frá fyrirtækjum innan Samtaka atvinnulífsins. Frá 1. janúar 2006 ber vinnuveitendum að greiða 0,05% af launum og 0,15% frá 1. janúar 2007.
- Aukið fjármagn til menntamála** Ríkisstjórnin ákvað í nóvember 2005, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, að beita sér fyrir sérstöku átaki til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra og einstaklinga með litla menntun, sem og að bæta stöðu erlends vinnuafls í landinu. Áætlað er að 100 milljónir fari í þessa mikilvægu málaflokka og verður það hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að sjá um að ráðstafa fjármunum samkvæmt reglum þar um.

Almennar upplýsingar

Aðsetur

Skrifstofa Starfsafls er að Sætúni 1, 3. hæð, 105 Reykjavík.

Heimasíða Starfsafls er www.starfsafl.is. Markmið heimasíðunnar er að veita upplýsingar um þjónustu Starfsafls.

Starfsmenn

Kolbrún Stefánsdóttir forstöðumaður Starfsafls og Jóna V. Kristinsdóttir verkefnastjóri.

Stjórn og starfsmenn

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Ingi Bogi Bogason, formaður stjórnar og sviðsstjóri hjá Samtökum iðnaðarins.
Einar Marinósson, fjármálastjóri OÍs.
Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar.

Frá Flóabandalaginu:

Guðjón H. Arngrímsson, varaformaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.
Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar.
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, varaformaður Eflingar-stéttarfélags.
Garðar Vilhjálmsson gekk úr stjórn Starfsafls á árinu.
Stjórn Starfsafls þakkar Garðari vel unnin störf.

Varamenn:

Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins.
Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.
Linda Baldursdóttir, varaformaður Verkalýðsfélagsins Hlífar.

Fundir

Stjórnin fundaði sextán sinnum á árinu.
Samráðshópur stjórnar Starfsafls og Landsmenntar fundaði einu sinni.

Félagsmenn úr ýmsum greinum

Fjölmenasti hópurinn eru starfsmenn hótél- og veitingahúsa, alls um 2.944, hluti þessa hóps er í hlutastörfum og einnig einkennir ör starfsmannaveita hópinn. Matvæla- og drykkjariðnaður telur um 1.100 félagsmenn, önnur sérhæfð þjónusta, s.s. á bensinstöðvum, öryggisfyrirtækjum og fleiri stöðum telur einnig um 1.219 manns.

Byggingariðnaðurinn er nokkuð fjölmennur, telur rúmlega 1.675 félagsmenn. Félagsmenn sem starfa við ræstingar, hjá sérhæfðum ræstingarfyrirtækjum og hjá einstökum fyrirtækjum eru um 600. Á svæði Flóabandalagins vinna um 1.200 manns við fiskvinnslu í landi.

Nokkuð fjölmennur hópur, á milli 100-200 félagsmenn, vinnur við vöru- og hópferðabifreiðastjórn og aðra vélastjórnun, eða rúmlega 1.700 manns.

Fámennari starfsgreinar eru t.a.m. hafnarvinna, pappírs- og prentiðnaður, textíliðnaður, efnaiðnaður, lyfjaiðnaður og veiðarfæragerð. Þá eru starfsmenn í mótuneytum ýmissa fyrirtækja og stofnana um 100.

Starfsgreinar sem aðild eiga að Starfsafli

Byggingaiðnaður – húsbýggingar og efnisflutningur

Hafnarverkamenn – flutningur

Hafnargerð, vegagerð, skurðgröfur, landbúnaður, efnisflutningur

Í iðnaði og verksmiðjum s.s. járnsmíði, skipasmíði, blikksmíði, garðyrkju, byggingar- og þungaiðnaður

Móttaka, afhending vara

Mötuneyti

Olíu-, bensín-, smur-, bón- og ryðvarnarstörf, hjólbarðaverkstæði

Orkufrekar iðnaður, jarðgangnagerð, virkjanir og aðrar stórframkvæmdir

Ræstingar, efnalaugar, þvottastörf

Stjórn vöruflutningabifreiða og stjórn á stórvirkum vinnutækjum, s.s. ýtum, vélskóflum og vélkrönum.

Veitinga- og gististaðir

Vinnsla og sala sjávarafurða og landbúnaðarafurða

Varðstörf, öryggis- og fjármálaflutningar

Önnur framleiðslu- og flutningastörf

Stefna og markmið

Starfsafli er ætlað að stuðla að aukinni hæfni og starfstengdri menntun félagsmanna í Flóabandalaginu. Markhópurinn eru allir félagsmenn, hvort sem um er að ræða þá sem hafa stutta skólagöngu að baki, þá sem hætt hafa í námi eða félagsmenn af erlendu bergi brotir. Í samkomulagi samningsaðila frá árinu 2000 eru sett eftirtalin markmið Starfsafs..

- Hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun.
- Leggja áherslu á kynningar- og hvatningarstarf er tengist starfsmenntun.
- Kanna þörf atvinnulífsins fyrir starfsmenntun ófaglærðs verkafólks.
- Leita eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu.
- Styrkja nýjungar í námsefnisgerð og endurskoðun námsefnis.
- Styrkja rekstur námskeiða.
- Veita einstaklingum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar samkvæmt nánari reglum stjórnar.

Þessi markmið hafa verið höfð að leiðarljósi í allri stefnumótun og markmiðasetningu Starfsafs frá upphafi. Árið 2005 var farið í að fylgja eftir helstu hlutverkum sem línur voru settar fyrir á stefnumótunarfundi sem haldinn var vorið 2004. Helstu stefnuáherslur voru jafnframt að:

- Halda áfram að rækta atvinnulífið
- Styðja nýsköpun
- Heimsækja fræðsluaðila / fyrirtæki
- Fjölga samstarfsaðilum
- Ná til allra atvinnugreina
- Ná til allra félagsmanna
- Auka hagkvæmni í daglegum rekstri
- Einfalda afgreiðslu verkefnastyrkja
- Gera ráðstafanir vegna breyttrar fjármögnunar sjóðsins

Samstarfsaðilar Starfsafs

Samstarfsaðilar Starfsafs eru fjölmargir. Þeir helstu eru:

Fyrirtæki innan SA og utan
 Stéttarfélag – Efling, Hlíf, VSKF ofl.
 Aðrir fræðslusjóðir, Efling, Landsmennt, VR
 Starfsmenntaráð – óbeint
 Fræðslustofnanir iðnaðarins
 Mímir - símenntun
 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
 Iðntæknistofnun
 Aðrir sem sinna fullorðinsfræðslu
 Ráðuneyti, mennta-, dóms- og félagsmála
 Rannsóknarþjónusta HI – Leonardóverkefni
 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
 Alþjóðahús

Yfirlit samstarfsverkefna

Aftur í nám

Aftur í nám er ætlað fullorðnum einstaklingum sem glíma við lestrar- og skriftarörðugleika. Námið er 95 kennslustundir og er tilgangurinn með því að þjálfa nemendur í lestri og skrift með Ron Davis aðgerðarfræðinni. Námið hefur verið vottað af menntamálaráðuneytinu og er metið til 7 eininga á framhaldsskólastigi. Mikil eftirspurn hefur verið eftir námskeiðunum sem haldin hafa verið af Mími – símenntun.

Námsráðgjöf á vinnustað

Félagsmönnum Flóabandalagsins er boðið upp á námsráðgjöf á vinnustað. Tilraunarverkefnið sem var undanfari þessa var unnið veturinn 2002-2003 og var afrakstur fyrsta Leonardó verkefnis Starfsafls. Námsráðgjafi kemur á vinnustaði í samráði við stjórnendur og trúnaðarmann. Oft eru það þessi viðtöl sem verða kveikjan að frekara námi hjá félagsmönnum okkar.

Mat á raunfærni

Mat á raunfærni byggist á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur við alls konar aðstæður og að allt nám sé verðmætt og mikilvægt og það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið afluð. Verkefnið er samstarfsverkefni Starfsafls, Eflingar-stéttarfélags, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Símans og Lönskólans í Reykjavík. Markmið verkefnisins er að allir verkamenn hjá Símanum eigi kost á starfsþjálfunar-námskeiðum sem miða að því að gera þá hæfari í starfi og um leið byggja brýr fyrir þá sem áhuga hafa á því að fá færni sína metna til styttingar á námi í símsmiði.

Starfsmenntaverkefni

Grunnmenntaskólinn er 300 kennslustunda almennt nám fyrir þá sem litla grunnmenntun hafa og var haldinn í fimmta sinn á árinu.

Landnemaskólinn er 120 kennslustundanám sem ætlað er fullorðnu fólki á vinnumarkaði sem ekki hefur íslensku sem móðurmál. Úr Landnemaskólanum útskrifuðust 8 nemendur frá 5 löndum. Flestir nemendanna starfa við umönnun og ræstingar.

Jarðlagnatækni er 300 kennslustunda starfsnám. Yfir 100 einstaklingar hafa lokið jarðlagnatæknanámi og var í ár lögð áhersla á að fá einstaklinga frá almenna vinnumarkaðinum í námið. Þessi námskeið halda áfram á árinu 2006.

Matvælasviðið. Starfsafl hefur styrkt þá sem starfa á matvælasviði, bæði einstaklinga sem að starfa í mótuneytum og vilja auka við þekkingu sína sem og fyrirtæki sem óska eftir aukinni hæfni og menntun starfsmanna sinna.

Þjónustuliðanám er starfsnám fyrir þá sem vinna við ræstingar og önnur sambærileg störf. Verkefnið er unnið í samræmi við áherslur Starfsafls, þar sem í vaxandi mæli hefur verið lögð áhersla á að ná upp samstarfi á grunni atvinnugreina og byggja þannig í samvinnu við Eflingu-stéttarfélag, fulltrúa fyrirtækja og löntæknistofnun með styrk frá Starfsmenntaráði. Eitt námskeið fyrir þjónustuliða var haldið á árinu 2005.

Nám fyrir ófaglærða hjá Símanum.

Um er að ræða þróunarverkefni sem varð til hjá Starfsafl og hefur það tekið tæp tvö ár í undirbúningi. Starfsafl hélt um verkefnið, boðaði til funda, hélt fundargerðir og miðlaði upplýsingum. Samstarfsaðilar að verkefninu eru Síminn, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Lönskólinn í Reykjavík. Samþykkt var af stjórn Starfsafls að sjóðurinn greiddi 75% af kostnaði við námið og það myndi ekki skerða rétt félagsmanna til einstaklingsstyrkja.

Önnur verkefni

Starfs- og námsráðgjöf fyrir ófaglærða: Fjarnám.

Um er að ræða evrópskt starfs- og námsráðgjafaverkefni fjármagnað að hluta til með stuðningi Leonardó da Vinci starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins. Áætlað er að verkefninu ljúki á vormánuðum 2006. Námið mun nýtast fulltrúum stéttarfélaganna og fyrirtækja við að aðstoða samstarfsmenn sína við að finna sér nám. Auk þess mun námið gefa innsýn í störf náms- og starfsráðgjafa.

TAG – Third age guidance – þriðju kynslóðar ráðgjöf.

Nýtt Leonardo-verkefni þar sem Starfsafl er eitt af 9 þátttakendum. Þetta verkefni snýst m.a. um starfsþjálfun fyrir þá sem komnir eru yfir 50 ára aldur og hafa litla menntun. Stefnt er á að halda námskeið fyrir þá sem eru í atvinnuleit og/eða vilja skipta um starfsvettvang. Boðið verður uppá ráðgjöf og fræðslu um réttindi á vinnumarkaði. Þátttakendur verða hvattir til að afla sér þekkingar og þróa starfsferil sinn í ljósi þeirrar reynslu sem þeir hafa aflað sér í gegnum árin.

Þarfagreining starfsfólks í ferðaþjónustu

Starfsafl tók á árinu 2005 þátt í samstarfsverkefni um framkvæmd þarfagreiningar um menntun og fræðslu á sviði ferðaþjónustu. Verkefnið var unnið í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar, Starfsgreinaráð um náttúrunýtingu, VR og Landsmennt.

Alþjóðahús

Starfsafl hefur lagt áherslu á að styrkja erlenda félagsmenn sína, m.a. að koma upplýsingum til þeirra. Afrakstur samstarfs við Alþjóðahús er bæklingur með upplýsingum um réttindi og skyldur til erlendra félaga Flóabandalagsins. Bæklingurinn hefur verið þýddur á ensku, pólsku, tailensku, rússnesku og serbókróatísku. Áætlað er að bæklingurinn komi út í mars 2006.

Helstu verkefni 2005

Verkefni	Samstarfsaðilar
Byggingaliðar -sérhæfð störf í bygginga-og mannvirkjagerð	MFB, Landsmennt
Efling-stéttarfélag Heilsuefling á vinnustað	Efling-stéttarfélag
Eimskip - Flutningaskóli	Minerva-fræðsla og frammistaða
Fræðslu- og kynnisferð erlendis	Efnamóttakan
Fönn- íslenskukennsla fyrir Víetnama	Mímir
Grunnmenntaskólinn - vor-og haustönn 2005	Efling stéttarfélag, Mímir- símenntun
Hafgúan	Rannsóknarþjónustan Sýni
HB-Grandi -Íslenskukennsla	Alþjóðahúsið / Ingibjörg Hafstað
Heilsuefling á vinnustað - þróunarverkefni	Efling, Vinnueftirlit, VR og fyrirtæki innan SA
Iðntæknistofnun- Þjónustuliðar	Efling, Reykjavíkurborg, Ríkið
Kaffitár - starfsnám	Sýni rannsóknarþjónusta
Landnemaskólinn vor-og haustönn 2005	Mímir símenntun, Efling stéttarfélag
Meton - öryggisverðir	Starfsafl
Mímir - aftur í nám lesblindunámskeið	Mímir
MSS- aukin skriftarfærni fullorðinna	MSS, Rannveig Lund
Myllan -brauð ehf Eldvarnarnámskeið	Myllan-Brauð
Myllan -brauð ehf umgengni í bakaríum og áhætta	Myllan-Brauð
Myllan-brauð ehf .- Starfstengd íslenska	Fjölmennig
Myllan-brauð ehf. - Rétt líkambeing við vinnu	Líf og heilsa
Námsráðgjöf fyrir miðaldra fólks	FA, Efling o.fl
Olís-Starfstengt nám starfsmanna	Bifröst- fjarnám
Rannís - kynning á útkomu á menntarannsókn	Rannís
Rannsókn á tækifærum og hindrunum miðaldra og elda fólks til starfsm.	FA, Efling o.fl
Síminn- Alm.námskeið fyrir starfsmenn	FA og Mímir
Skógræktarfélag Reykjavíkur - Fræðslu og kynnisferð erlendis	Skógræktarfélag
Skyndihjálparnámskeið hjá SAF	SAF
Sæmundur Fróði - almenn starfstengd námskeið	FHM
Sæmundur Fróði - Matráður	Sæmundur Fróði, MK
Sæmundur Fróði - þjónustunámskeið	Sæmundur Fróði
VGK verkfræðistofa- sótt fyrir hönd starfsmanns	Iðntæknistofnun
Þarfagreining á stöðu list-, hönnunar- og handverksgreina	FA, ýmsir framhaldsskólar
Öryggismiðstöðin - Starfstengt námskeið	Hafnarvernd / Siglingarvernd

Einstaklingsstyrkir

Til að hafa rétt á að sækja um einstaklingsstyrk þurfa félagsmenn að hafa greitt samfellt til félagsins í 12 mánuði. Hámarksstyrkur á árinu 2005 var kr. 35.000,- á einstakling. Tómstundanám var styrkt að hámarki kr. 12.000,-. Styrkir til meiraprófs voru kr. 42.500,-. Félagmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta fengið styrki til íslenskunáms eftir að hafa greitt til félagsins í 1 mánuð.

Heildarfjöldi veittra einstaklingsstyrkja árið 2005	953
Efling - Stéttarfélag	746
Hlíf	75
VSFK	132

Háskólanám er hástökkvarinn 2005

Aukning
á
háskólanámi

Ein mesta breytingin á milli árána 2004 og 2005 er í fjölgun þeirra sem stunda háskólanám með starfi, eða úr 4% í 10% sem má teljast mikil aukning. Aukið framboð náms á háskólastigi sem og fjarnám eykur svigrúm fólks á vinnumarkaði að afla sér háskólamenntunar.

Útlendingum, sem fengið hafa íslenskt ríkisfang fjölgaði mest á milli árána 2003 og 2004. Þá fjölgaði þeim sem fengu íslenskt ríkisfang úr 463 í 671.


Þeim útlendingum sem nýtt hafa einstaklingsstyrk til að læra íslensku fækkaði hins vegar milli 2004 og 2005 um 6 prósentustig, fór úr 30% í 24%.

Fjöldi þeirra sem að sótti sér aukna þekkingu á tölvu-og hugbúnaðarsviði og sótti tungumálanám er nánast óbreyttur milli ára. Fjöldi þeirra sem sækja um styrk til aukinna ökuréttinda hefur ekki breyst og fara 16% úthlutaðra styrkja, í þennan flokk.


Hér má sjá breytinguna milli 2004 og 2005 á 9 flokkum námstegunda.

	2004	2005
Íslenska fyrir útlendinga	30%	24%
Tölvunám	8%	9%
Tungumál	7%	8%
Aukin ökuréttindi	16%	16%
Framhaldsskólar	20%	18%
Háskólar	4%	10%
Starfsnám	5%	2%
Tómstund	9%	6%
Annað	1%	7%


Skipting eftir tegundum náms 2005



Heildarútsreymi fjármagns 2000-2005



Kynjaskipting 2005



Yfirlit greiðslna til félagsmanna, fræðsluaðila og fyrirtækja 2000-2005

Ár	Verkefni	Upphæð	Einstaklings- umsóknir	Upphæð	Rekstrarkost.	Alls
2000	2	900.000	47	595.457	835.478	2.330.935
2001	37	6.558.481	561	7.461.788	9.147.773	23.168.042
2002	55	13.092.676	901	14.014.877	9.578.356	36.685.909
2003	68	17.535.346	1468	19.250.856	8.372.680	45.158.882
2004	48	12.548.218	1118	22.620.840	10.905.382	46.115.447
2005	46	9.050.475	953	22.799.637	14.571.391	47.223.203
	256	59.685.196	5.048	86.743.455	53.411.060	200.682.418

Lykiltölur úr rekstri

Rekstrarreikningur 2005

	2005	2004
<i>Rekstrartekjur alls:</i>	58.056.766	57.397.529
<i><u>Rekstrargjöld</u></i>		
Styrkir/einstaklingar	22.799.637	22.620.840
Styrkir/fyrirtæki	9.836.396	12.548.218
Rekstrargjöld alls	48.423.203	46.074.440
<i><u>Rekstrarhagnaður (tap)</u></i>	<u>9.633.563</u>	<u>11.323.089</u>
<i><u>Fjármagnsliðir alls:</u></i>	<u>3.343.080</u>	<u>1.466.587</u>
<i><u>Óráðstafað til næsta árs</u></i>	<u>12.976.643</u>	<u>12.789.676</u>

Rekstrar-og efnahagsreikningur

	2005	2004
Handbært fé	57.889.133	37.063.246
Skuldunautar	1.200.000	7.366.433
Veltufjármunir alls:	59.089.133	44.429.679
Eignir samtals	<u>59.089.133</u>	<u>44.429.679</u>

Skuldir og eigið fé

	2005	2004
Eigið fé	55.400.314	42.423.671
Skuldir alls	3.688.819	2.006.008
Skuldir og eigið fé samtals	<u>59.089.133</u>	<u>44.429.679</u>

Myndir frá 2005



Nemendur Landnemaskólans



Starfsafli kynnt fyrir starfsfólki hjá Lýsi



Nemendur Grunnmenntaskólas